

Þriðjudaginn 16. júlí 1996.

Nr. 268/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Birgi Guðmundssyni

(Örn Clausen hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, d-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sérstök kröfugerð hefur ekki borist af hálfu varnaraðila, en skilja ber kæru hans svo, að hann krefjist þess, að hinn færði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á, að skilyrði séu til að taka kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald til greina. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júlí 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 12. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögreglan hefur með vísan til c- og d-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Birgi Guðmundssyni, sem handtekin var kl. 22.42 fimmtudaginn 11. júlí sl., verði með úrskurði gert að sæta

gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 9. ágúst nk. kl. 16.00. Enn fremur er þess krafist, að kærða verði gert að sæta geðrannsókn, sbr. d-lið 1. mgr. 71. gr. oml.

Í gærkvöld kl. 22.39 var lögregla kölluð að fjölbýlishúsinu við Kleppsveg 6, Reykjavík, en tilkynnt var, að maður hefði ráðist þar á mann og að árásarmaðurinn væri talinn vopnaður eggjárn. Þegar lögregla kom á vettvang fimm mínútum síðar, sat kærði á tröppum fyrir utan húsið. Hann játadi strax að hafa ráðist á Ingólf Sigurðsson, stjúpa sinn, og stungið hann oft í augun með skrífu. Ástæðuna fyrir verknaðinum kvað kærði vera þá, að Ingólfur hefði beitt sig andlegu ofbeldi, og vildi kærði fá réttláta meðferð fyrir dómstólum, en ekki fara til geðlækna.

Ingólfur fannst í íbúðinni, alblóðugur í andliti og hálsi, og voru áverkar á báðum augum hans. Hann var fluttur á slysadeild. Samkvæmt skýrslu lögreglu hefur Ingólfur gengist undir aðgerð, en hann hlaut áverka á mjúkvefjum augna, og losnaði annað augnlokið. Læknar geta ekki enn sagt til um, hvort Ingólfur hefur misst sjónina.

Kærði hefur játað að hafa framið framangreindan verknað. Í gögnum málsins kemur fram, að hann hafi fyrir nokkrum mánuðum lent í átökum við Ingólf, sem hafi haft það í för með sér, að Ingólfur þurfti að fara á slysa-varðstofu. Hún segir, að kærði hafi áður haft í hótunum við móður sína og stjúpa. Þeim stafi ógn af honum, og þau óttist, að hann muni ráðast aftur á þau, verði hann látinn laus. Telur lögregla brýnt að upplýsa, hvort kærða sé sjálfrátt gjörða sinna.

Kærði er undir rökstuddum grun um brot, sem varða við 218. gr. og 231. gr. alm. hgl., sem bæði varða fangelsi, en hið fyrrnefnda getur varðað fangelsi allt að 16 árum. Fallist er á það með lögreglu, að verknaður kærða sé í senn ógnvekjandi og stórháskalegur. Verknaðurinn og gögn málsins gefa enn fremur tilefni til að draga í efa sakhæfi kærða, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er því fallist á kröfu lögreglu um, að kærða verði gert að sæta geðrannsókn, sbr. d-lið 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og rannsóknargögnum málsins þykir hætta á, að kærði muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið, og þar með hætta á, að fólk verði fyrir svipuðum árásum og hann hefur þegar gerst sekur um. Loks þykir nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, að kærði sæti gæsluvarðhaldi þann tíma, sem lögregla hefur farið fram á.

Samkvæmt c- og d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 skal kærði því sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til föstudagsins 9. ágúst nk. kl. 16.00.

Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Birgir Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 9. ágúst nk. kl. 16.00. Birgir Guðmundsson skal sæta geðrannsókn.
